

Fullnusta vararefsingar með samfélagsþjónustu

Hvað er samfélagsþjónusta?

Samfélagsþjónusta felur í sér tímabundið ólaunað starf í þágu samfélagsins svo sem líknar- eða félagsstarf ýmiss konar, sem kemur í stað afplánunar vararefsingar fêsektar í fangelsi. Starfið er unnið utan vinnutíma dómþola og getur hann því stundað atvinnu sína eða nám meðan á samfélagsþjónustu stendur og verið virkur þjóðfélagsþegn. Fangelsismálastofnun getur ákveðið að hluti ólaunuðu samfélagsþjónustunnar skuli felast í viðtalsmeðferð en þó aldrei meira en einn fimmti hluti hennar.

Hverjir geta óskað eftir samfélagsþjónustu?

Hafi Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar, Blönduósi (IMST), ákveðið að maður skuli afplána vararefsingu fêsektar, er heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta vararefsingu með ólaunaðri samfélagsþjónustu þegar fêsekt er 60.000 kr. eða hærri, minnst 40 klukkustundir og mest 480 klukkustundir.

Hafi sektarþoli fengið fimm eða fleiri sektir fyrir sambærileg brot verður vararefsing ekki að jafnaði fullnustuð með samfélagsþjónustu.

Að uppfylltum ofangreindum skilyrðum getur sektarþoli sótt um samfélagsþjónustu á meðfylgjandi eyðublaði. Skilyrði þess að samfélagsþjónusta komi til álita eru að umsækjandi eigi ekki til meðferðar mál hjá lögreglu, ákærvaldi eða dómstólum, þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað. Ennfremur að hann afpláni ekki fangelsisrefsingu eða sæti gæsluvarðhaldi.

Hvar og hvenær á að sækja um samfélagsþjónustu?

Umsóknnum skal skila til Innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar, Blönduósi, **ekki síðar en sjö dögum eftir að umsækjanda barst tilkynning um fyrirhugaða afplánun vararefsingar**

samkvæmt ákvörðun IMST. Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar framsendir Fangelsismálastofnun beiðni um samfélagsþjónustu til ákvörðunar ásamt gögnum máls og umsögn sinni. Afplánun vararefsingar frestast þar til ákvörðun um afgreiðslu umsóknar liggur fyrir.

Hvernig er hæfi til samfélagsþjónustu metið

Fangelsismálastofnun kannar afbrotaferil umsækjanda og boðar hann í viðtal til að gera athugun á persónulegum högum hans. Á grundvelli athugunarinnar er síðan metið hvort umsækjandi sé talinn líklegur til að geta innt samfélagsþjónustu af hendi og hvaða starf komi til greina. Fangelsismálastofnun tilkynnir umsækjanda og Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar hvort fallist er á beiðni um samfélagsþjónustu símléiðis og bréflaga.

Mæti umsækjandi ekki til viðtals má hann búast við að verða synjað um samfélagsþjónustu

Ef umsókn um samfélagsþjónustu er samþykkt er sektarþola birt samfélagsþjónustuskírteini þar sem fram kemur klukkustundafjöldi samfélagsþjónustu, hvar og á hve löngum tíma samfélagsþjónusta skuli innt af hendi. Þá koma ennfremur fram þau skilyrði sem sektarþoli þarf að standast en þau eru helst að hann gerist ekki brotlegur, neyti hvorki áfengis né deyfilyfja, vinni á tilsettum tíma og tilkynni án undandrátta veikindi eða aðrar orsakir fyrir því að hann geti ekki mætti til vinnu. Jafnframt kemur fram hverju það varði ef skilyrði þessi eru rofin. Sektarþoli gengst undir framangreind skilyrði með undirritun sinni. Starfsmaður Fangelsismálastofnunar getur farið með viðkomandi á vinnustað í fyrsta sinn og fylgist síðan með honum, m.a. með heimsóknum á vinnustað og með viðtölum við umsjónarmann, en sá síðarnefndi sér um að leiðbeina viðkomandi og fylgjast með ástundun hans. Fangelsismálastofnun hefur gert samning við Öryggismiðstöðina um mannaða öryggisgæslu vegna samfélagsþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og er hlutverk eftirlitsaðila að heimsækja vinnustaði og eiga í samskiptum við samfélagsþjónu og umsjónaraðila þar.

Fullnusta vararefsingar með samfélagsþjónustu hefst þegar sektarþoli gengst skriflega undir skilyrði samfélagsþjónustu.

Aðallega er um að ræða líknar- og félagsstörf hjá félagasamtökum og opinberum stofnunum. Starf getur t.d. falist í þrífum, aðstoð við framkvæmdir, viðhaldi, umönnun og léttum skrifstofustörfum. Val á starfi fer eftir því hvaða störf eru laus á hverjum tíma og hvað telst hæfa umsækjanda að mati Fangelsismálastofnunar.

Hvers konar störf er um að ræða?

Hvenær er starfið unnið?

Starfið er ýmist unnið á hefðbundnum vinnutíma eða á kvöldin og um helgar. Samfélagsþjónustan dreifist að lágmarki á 2 mánuði en að hámarki 14 mánuði og fer eftir dagafjölda í fangelsi.

Hvað gerist ef ekki er staðið við samning?

Ef sektarþoli í samfélagsþjónustu rýfur skilyrði þau sem honum hafa verið sett, t.d. með því að sinna ekki vinnuskýldu sinni, vegna óreglu eða ef hann er kærður fyrir að hafa framið refsiverðan verknað getur það varðað því að hann verði látinn afplána eftirstöðvar refsingarinnar/anna í fangelsi. Ákvarðanir þessar eru tilkynntar viðkomandi skriflega.

Aðrar upplýsingar

Hægt er að fá nánari upplýsingar um skilyrði og fyrirkomulag samfélagsþjónustu hjá Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar, Blönduósi, sími 455-2620, vefsíða: <http://sektir.is/uraedi.php> og hjá Fangelsismálastofnun ríkisins, Borgartúni 7, 105 Reykjavík, sími 520-5000, vefsíða: <http://www.fangelsi.is/samfelagsthjonusta/>